

Hafnarfjörður 11.12.2012

**Eygló Gunnarsdóttir**  
**Brekkugötu 13**  
**220 Hafnarfjörður**

**Svar við athugasemd vegna tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóð nr. 14 við Brekkugötu í Hafnarfirði**

Hér með send umsögn skipulags- og byggingarráðs um innkomna athugasemd við breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð nr. 14 við Brekkugötu. Tillagan var grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 43. gr. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 og lauk athugasemdafresti 19. nóvember 2012. Ein athugasemd barst.

**Athugasemd** var gerð við að viðbygging við hús að Brekkugötu 14 byrgi fyrir útsýni frá Brekkugötu 13.

**Svar:**

Gólfhæð fyrstu hæðar húss við Brekkugötu 13 er 330 sm hærra en gólfhæð 1. hæðar Brekkugötu 14. Viðbygging við 1. hæð að Brekkugötu 14 nær 240 sm til norðurs og hæð hennar upp á svalahandrið um 35 sm hærra en gólf 1. hæðar að Brekkugötu 13.

Skipulags- og byggingarráð telur að viðbygging húss á lóð nr. 14 við Brekkugötu byrgi ekki fyrir útsýni frá húsi á lóð Brekkugötu 13.

Nýtt deiliskipulag er hægt að kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála Skúlagötu 21, 101 Reykjavík innan eins mánaðar frá birtingu samþykktarinnar í b-deild Stjórnartíðinda samkvæmt 52. gr. laga nr. 123/2010.

Þegar kæra til úrskurðarnefndar er lögð fram er mikilvægt að fram komi hvaða ákvörðun það er sem kærð er, hvernig hún snerti hagsmuni kæranda og hvaða kröfur séu gerðar. Æskilegt er að kærinni fylgi tiltæk gögn, svo sem afrit fundargerða stjórnvalds er varða hina kærðu ákvörðun og bréfaskipti um málið sem kunna að hafa átt sér stað milli kæranda (kæranda) og þess stjórnvalds er tók hina kærðu ákvörðun.

**Með kveðju,**

**Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt**  
Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar